

**Aðrir starfsmenn:**

Tæknifræðingur.

Ritari.

**Verkefni.**

Málefni, er varða verk- og tæknimenntun á grunnskólastigi. Iðnfræðsla, iðnskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, fiskvinnsluskóli, hjúkrunarskólar, húsmæðra-skólar, verslunarskólar, Hótel- og veitingaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Húsmæðrakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Kennararáðningar við framangreinda skóla og orlof kennara sömu skóla. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval og samstarf við aðila vinnumarkaðsins til eflingar verkmenntun, sem nýlist í atvinnulífínu.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytast í samræmi við þetta.

*Í menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

21. júní 1974.

Nr. 194.

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eiðisgrandi verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Hringbraut.

Framangreind regla tekur gildi 28. þ. m.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júní 1974.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

21. júní 1974.

Nr. 195.

**GJALDSKRÁ**

**fyrir Vatnsveitu Hofsóshrepps.**

**Vatnsskattur.****1. gr.**

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Hofsóshrepps, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt.

**2. gr.**

Fyrir hvert hús, sem tengt er Vatnsveitu Hofsóshrepps, skal greiða tengigjald, sem er kr. 3 000.00 fyrir íbúðarhús og kr. 5 000.00 fyrir hús til annarrar notkunar. Auk þess skal greiða viðbótargjald kr. 1 000.00 fyrir hverja íbúð umfram eina í húsi.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.